



28. ágúst 2014

Afkoma N1 hf. á öðrum ársfjórðungi 2014

Helstu niðurstöður

- Rekstrartekjur voru 15.679 m.kr. samanborið við 14.941 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2013.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 794 m.kr. (2F2013: 287 m.kr.).
- Heildarhagnaður á öðrum ársfjórðungi nam 483 m.kr. (2F2013: 82 m.kr.).
- Framlegð af vörusölu skiptist þannig að um 55% (2F2013: 54%) er vegna sölu á eldsneyti og 45% (2F2013: 46%) vegna sölu annarra vara.
- Í lok tímabilsins var eigið fé 13,9 ma.kr. og eiginfjárlutfall 51,1%.
- Vaxtaberandi skuldir voru samtals 7,0 ma.kr.
- Handbært fé frá rekstri á fyrstu 6 mánuðum ársins var neikvætt um 344 m.kr. en jákvætt um 1.143 m.kr. á fyrri árshelmingi 2013.
- Meðalfjöldi stöðugilda var 570 á öðrum ársfjórðungi samanborið við 616 á öðrum ársfjórðungi 2013.
- Veltuhraði birgða var 11,5 á öðrum ársfjórðungi samanborið við 9,3 á öðrum ársfjórðungi 2013.

Reksturinn á öðrum ársfjórðungi 2014

Rekstur félagsins var í samræmi við áætlanir á öðrum ársfjórðungi og var EBITDA/framlegð 29,6%, en 13,0% á öðrum ársfjórðungi 2013. Við birtingu 2F2013 var farið yfir að gengisþróun og þróun á olíuverði hefði verið félaginu mjög óhagstæð í apríl 2013, sem hafði afgerandi áhrif á afkomuna. Áhrif gengisþróunnar og þróunar á olíumörkuðum voru minni á framlegð 2F2014.

<i>Rekstrarreikningur m.kr.</i>	<i>2F 2014</i>		<i>2F 2013</i>		<i>1H 2014</i>		<i>1H 2013</i>	
Sala	15.679		14.941		27.004		27.724	
KSV	(12.998)		(12.727)		(22.566)		(23.662)	
Framlegð	2.681		2.214		4.438		4.062	
-Laun og starfsm.	(993)	37,0%	(1.010)	45,6%	1.941	43,7%	1.884	46,4%
-Sala og dreifing	(620)	23,1%	(550)	24,8%	1.046	23,6%	982	24,2%
-Annar kostnaður	(409)	15,3%	(463)	20,9%	762	17,2%	829	20,4%
EBITDA	794	29,6%	287	12,7%	914	20,6%	566	13,9%
EBIT	623	23,2%	127	5,7%	564	12,7%	221	5,4%
EBT	606		87		508		129	
Heildarhagnaður	483		82		397		104	



Efnahagur og sjóðstreymi

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. fjórðungi ársins en á 1. og 4. fjórðungi. Af því leiðir að bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er hærra að jafnaði í lok júní en í árslok. Félagið greiddi hluthöfum arð 28. apríl að fjárhæð 1.650 m.kr.

<i>Efnahagsreikningur m.kr.</i>	<i>2F 2014</i>	<i>31.12.2013</i>	<i>2F 2013</i>
Fastafjármunir	11.685	11.806	12.763
Veltufjármunir	15.517	14.992	15.531
-Birgðir	4.516	4.318	5.479
-Viðskiptakröfur	4.944	3.150	4.800
-Handbært fé	3.542	6.019	3.984
-Aðrir veltufjármunir	2.516	7.524	1.268
Eignir samtals	27.202	26.798	28.294
Eigið fé	13.899	15.152	14.618
Langtímaskuldir	6.684	6.867	7.170
Skammtímaskuldir	6.620	4.779	6.506
Skuldir samtals	13.303	11.646	13.676
Eigið fé og skuldir samtals	27.202	26.798	28.294

<i>Sjóðstreymi m.kr.</i>	<i>2F 2014</i>	<i>2F 2013</i>	<i>1H 2014</i>	<i>1H 2013</i>
Handbært fé frá rekstri	(658)	723	(344)	1.143
Fjárfestingarhreyfingar	17	(33)	(180)	1.004
Fjármögnunarhreyfingar	(1.654)	(224)	(1.954)	(670)
Hækkun á handbæru fé	(2.295)	467	(2.478)	1.476
Handb. fé í lok tímabils	3.542	3.984	3.542	3.984



Áætluð EBITDA 2.600 m.kr. á árinu

Á aðalfundi félagsins 27. mars 2014 kom fram að EBITDA spá félagsins fyrir árið 2014 væri 2.600 m.kr. og er það mat stjórnenda félagsins að EBITDA spá fyrir árið 2014 sé óbreytt.

Lækkun hlutafjár

Stjórn samþykkti á fundi sínum í dag að boða til hluthafafundar um miðjan október og leggja til við fundinn að hluthöfum verði greiddar 3.860 m.kr. með 30% lækkun hlutafjár. Fjárhæðin verði greidd út til hluthafa við fyrsta tímamark þar eftir að lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa verið uppfylltar. Þessi tillaga er í samræmi við stefnu félagsins um fjármagnsskipan þar sem markmið er að hafa eiginfjárhluftfall um 40%.

Atburðir eftir reikningskiladag

Í maí tók félagið kautilboði í fasteignina að Ægisíðu 102 og áætlað var að starfsemi að Ægisíðu yrði hætt á haustmánuðum. Vafi er á að kaupin gangi eftir og líklegt að starfsemi á Ægisíðu verði áfram að óbreyttu.

Nánari upplýsingar veita Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri, (e@n1.is) og Eggert Þór Kristófersson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (eggert@n1.is).